

Kjarasamningur

Milli Breiðabliks sem rekstraraðila íþróttahússins í Smáranum Kópavogi

og VR

vegna starfsfólks íþróttahússins.

1. grein.

Heimilt er rekstraraðila að skipuleggja vinnutíma starfsmanna á vöktum. Með vöktum er átt við reglubundin skipti vinnunnar á dag-, kvöld- og helgarvinnu. Vinnuvaktir skulu vera í samræmi við þær vinnuvaktir sem um hefur verið samið eða eins og um þær kann að semjast.

Heimilt er að breyta vöktum með minnst 30 daga fyrirvara án samþykkis starfsmanna ef sú breyting hefur ekki í för með sér kjaraskerðingu.

2. grein.

Vikulegur vinnutími skal vera 39,5 klst. á viku að jafnaði. Frá 1. janúar er vikulegur vinnutími 38,75 klst. að jafnaði. Aðilar skulu hafa samráð um tillögu að útfærslu á þessari vinnutímastyttingu eins og fram kemur í aðalkjarasamningi VR og SA.

3. grein.

Vinna frá kl. 16:00 – 24:00 á virkum dögum greiðist með 33% álagi. Vinna frá kl. 24:00 – 08:00 greiðist með 45% álagi svo og öll vinna á laugardögum og sunnudögum.

Vinna umfram reglubundnar vaktir skulu greiðast með yfirvinnukaupi, þegar fullri vinnuskyldu er náð skv. kjarasamningi, þ.e. 170 klst. á mánuði. Frá 1. janúar 2020 greiðist yfirvinna eftir að 166,79 klst. vinnuskyldu er náð á mánuði.

Þeir starfsmenn sem ekki vinna á reglubundnum vöktum taka dagvinnu eða yfirvinnulaun skv. samningi þessum en að öðru leyti gilda ákvæði í almennum kjarasamningi VR.

4. grein.

Um desemberuppbót skal vera samið sem hér segir á samningstímanum:

Á árinu 2019	kr. 110.800
Á árinu 2020	kr. 113.570
Á árinu 2021	kr. 121.700
Á árinu 2022	kr. 124.750

Bo. ER

5. grein.

Matar- og kaffihlé teljast til vinnutíma, enda ber starfsmanni að sinna aðkallandi málum þó í matartíma sé.

6. grein.

Starfsmaður á rétt á að sækja námskeið til að afla sér þekkingar sem nýtist honum í starfi án skerðingar launa í allt að hálfan mánuð á ári.

7. grein.

Öllum fastráðnum starfsmönnum skal útvega vinnufatnað a.m.k. einu sinni á ári. Hér er um að ræða einn vinnugalla, inniskó og tvo stuttermaboli. Heimilt er að greiða skópeninga vegna skófatnaðarins hér að ofan kr. 10.391 (árið 2019) á ári, sem tekur hækkunum miðað við almennar launabreytingar. Starfsmaður skal skila þeim vinnufatnaði sem hann fékk síðast þegar hann lætur af störfum, nema um annað sé samið.

8. grein.

Laun starfsmanna skulu skv. undirrituðum launatöflum sem eru hluti af samningi þessum á hverjum tíma.

9. grein.

Vegna óreglulegs matartíma greiðist 30 mín. fyrir hvern unninn dag, í yfirvinnu. Vegna ferða til og frá vinnustað eftir að strætisvagnar eru hættir að ganga skal greiða 10 km akstur skv. akstursgjaldi Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

Starfsmaður á rétt á endurskoðun launa sinn þann 1. júlí ár hvert og skal þá taka mið af almennri launaþróun í starfsgreininni.

10. grein.

Kjarasamningur VR og SA gildir í öllum þeim atriðum öðrum en í samningi þessum greinir.

11. grein.

Samningur þessi hefur sama gildistíma og gildissvið og kjarasamningur VR og SA, með þeim forsendum og fyrirvörum sem þar eru.

Reykjavík 20. nóvember 2019/uppfært apríl 2021

Samþykkt
f.h. rekstraraðila íþróttahúss Breiðabliks.

Lýstinn P. Lárusson



Breiðablik

Samþykkt
f.h. VR.

Bryndis Guðvörðsdóttir

VR

Bókanir frá 2011 eru hluti af samningi þessum.

Breiðablik, rekstraraðili íþróttahússins í Smáranum Kópavogi

Launataxti 2019 – 2022

1. apríl 2019

	Mán.laun	Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna	Stórh.álag
Undir 20 ára	289.267,00	1.701,57	2.263,09	2.467,28	3.004,04	3.977,42
Eldri en 20 ára	292.010,00	1.717,71	2.284,55	2.490,67	3.032,52	4.015,14
Eftir 1 ár í starfsgrein	295.984,00	1.741,08	2.315,64	2.524,57	3.073,79	4.069,78
Eftir 1 ár í fyrirtæki	306.325,00	1.801,91	2.396,54	2.612,77	3.181,19	4.211,97
Eftir 3 ár í fyrirtæki	312.772,00	1.839,84	2.446,98	2.667,76	3.248,14	4.300,62
Eftir 5 ár í fyrirtæki	318.730,00	1.874,88	2.493,59	2.718,58	3.310,01	4.382,54

Desemberuppbót 110.800,00

1. janúar 2020

	Mán.laun	Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna	Stórh.álag
Undir 20 ára	289.267,00	1.722,44	2.290,85	2.497,54	3.004,04	3.977,42
Eldri en 20 ára	292.010,00	1.738,78	2.312,57	2.521,22	3.032,52	4.015,14
Eftir 1 ár í starfsgrein	295.984,00	1.762,44	2.344,04	2.555,54	3.073,79	4.069,78
Eftir 1 ár í fyrirtæki	306.325,00	1.824,01	2.425,94	2.644,82	3.181,19	4.211,97
Eftir 3 ár í fyrirtæki	312.772,00	1.862,40	2.477,00	2.700,48	3.248,14	4.300,62
Eftir 5 ár í fyrirtæki	318.730,00	1.897,88	2.524,18	2.751,93	3.310,01	4.382,54

Desemberuppbót 113.570,00

1. apríl 2020

	Mán.laun	Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna	Stórh.álag
Undir 20 ára	313.267,00	1.865,35	2.480,92	2.704,76	3.253,28	4.307,42
Eldri en 20 ára	316.010,00	1.881,68	2.502,64	2.728,44	3.281,76	4.345,14
Eftir 1 ár í starfsgrein	319.984,00	1.905,35	2.534,11	2.762,75	3.323,03	4.399,78
Eftir 1 ár í fyrirtæki	330.325,00	1.966,92	2.616,01	2.852,04	3.430,43	4.541,97
Eftir 3 ár í fyrirtæki	336.772,00	2.005,31	2.667,06	2.907,70	3.497,38	4.630,62
Eftir 5 ár í fyrirtæki	342.730,00	2.040,79	2.714,25	2.959,14	3.559,25	4.712,54

Desemberuppbót 113.570,00

1. janúar 2021

	Mán.laun	Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna	Stórh.álag
Undir 20 ára	337.267,00	2.008,26	2.670,98	2.911,98	3.502,52	4.637,42
Eldri en 20 ára	340.010,00	2.024,59	2.692,71	2.935,66	3.531,00	4.675,14
Eftir 1 ár í starfsgrein	343.984,00	2.048,26	2.724,18	2.969,97	3.572,27	4.729,78
Eftir 1 ár í fyrirtæki	354.325,00	2.109,83	2.806,08	3.059,25	3.679,67	4.871,97
Eftir 3 ár í fyrirtæki	360.772,00	2.148,22	2.857,13	3.114,92	3.746,62	4.960,62
Eftir 5 ár í fyrirtæki	366.730,00	2.183,70	2.904,32	3.166,36	3.808,49	5.042,54

Desemberuppbót 121.700,00

1. janúar 2022

	Mán.laun	Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna	Stórh.álag
Undir 20 ára	362.267,00	2.157,12	2.868,97	3.127,83	3.762,14	4.981,17
Eldri en 20 ára	365.010,00	2.173,45	2.890,69	3.151,51	3.790,63	5.018,89
Eftir 1 ár í starfsgrein	368.984,00	2.197,12	2.922,17	3.185,82	3.831,90	5.073,53
Eftir 1 ár í fyrirtæki	379.325,00	2.258,69	3.004,06	3.275,11	3.939,29	5.215,72
Eftir 3 ár í fyrirtæki	385.772,00	2.297,08	3.055,12	3.330,77	4.006,24	5.304,37
Eftir 5 ár í fyrirtæki	391.730,00	2.332,56	3.102,30	3.382,21	4.068,12	5.386,29

Desemberuppbót 124.750,00

EPH

BT